

Skýrsla stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja Fyrir starfsárið 2022

Ég býð ykkur velkomin til 11. ársfundar sjálfseignarstofnunarinnar Þekkingarseturs Suðurnesja sem haldin er í dag 4. maí 2023. Hér verður gerð grein fyrir starfsemi setursins árið 2022.

Breyting varð á stjórn Þekkingarsetursins á árinu, en bæði aðal, og varafulltrúar Suðurnesjabæjar létu af störfum, þær Fríða Stefánsdóttir og Katrín Pétursdóttir. Í staðinn komu þau Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir bæjarfulltrú Suðurnesjabæjar sem aðalmaður og Einar Jón Pálsson forseti bæjarstjórnar Suðurnesjabæjar sem varafulltrúi. Einnig lét af störfum Björk Guðjónsdóttir skipuð af Náttúrustofu Suðvesturlands og í hennar stað kom inn Dr. Sindri Gíslason forstöðumaður Náttúrustofu Suðvesturlands og varamaður hans er Guðrún Kristín Ragnarsdóttir. Ég vil þakka þeim sem létu af störfum fyrir gott starf. Stjórn Þekkingarseturs Suðurnesja er þá skipuð þannig í ár;

- Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir, fulltrúi Suðurnesjabæjar og stjórnarformaður
- Guðmundur Grétar Karlsson, fulltrúi Sambands Sveitarfélaga á Suðurnesjum
- Dr. Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknarseturs HÍ á Suðurnesjum
- Nanna Kristjana Traustadóttir, fulltrúi Keilis
- Dr. Sindri Gíslason, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands.

Varamenn í stjórn eru eftirfarandi;

- Einar Jón Pálsson
- Þorvaldur Örn Árnason
- Rögnvaldur Ólafsson
- Sigrún Svafa Ólafsdóttir
- Guðrún Kristín Ragnarsdóttir

Forstöðukona Þekkingarseturs Suðurnesja er Hanna María Kristjánsdóttir.

Stjórnin fundaði fimm sinnum á starfsárinu auk ársfundar.

Þekkingarsetur Suðurnesja hefur í gegnum árin verið með samning við Mennta,- og menningarmálaráðuneytið sem nú heitir Háskóla,- iðnaðar,- og nýsköpunarráðuneytið frá því árið 2012 þegar setrið var stofnað og hefur síðustu ár fengið framlengdan samning til eins árs frá 2018. Síðasti samningur gildi út árið 2022 og bindast vonir um að ráðuneytið geri þriggja til fimm ára samning sem fyrst við setrið sem og önnur þekkingarsetur á landinu.

Þekkingarsetrið vinnur samkvæmt stefnu sem samþykkt var af stjórn árið 2014 og tekin til endurskoðunar árið 2019. Í henni er fjallað um gildi, leiðarljós, hlutverk og markmið setursins. Gildin eru rannsóknir, fræðsla og fagmennska sem er grunnur starfsemi setursins. Þekkingarsetrið er miðstöð rannsóknarstarfa og rannsakenda á sviði náttúrufræða og tengdra greina á Suðurnesjum sem er leiðarljósið. Hlutverk setursins er að efla rannsóknir, bjóða upp á fyrirmyndar aðstöðu til rannsókna og stuðla að fjölbreytni í atvinnulífi og markmiðin snúa að rannsóknum og þróun, háskólanámi og samþættingu þekkingarstarfs, símenntunar og samstarfi við aðrar menntastofnanir á Suðurnesjum.

Rannsóknir og þróun

Náttúrustofa Suðvesturlands og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum bera uppi rannsóknarhluta þekkingarseturs Suðurnesja og er mikið og gott samstarf á milli stofnanna.

Náttúrustofa Suðvesturlands kemur að fjölbreyttum verkefnum, en megináhersla er lögð á fugla- og sjávarrannsóknir (fjöru og grunnsjávarlíf) enda er stofan einstaklega vel staðsett til slíkra rannsókna. Á Náttúrustofunni er miðstöð fræða framandi sjávarlífvera á Íslandi, þar er haldið utan um útbreiðslu allra þekktra framandi sjávarlífvera við Ísland og jafnframt lögð stund á metnaðarfullt rannsóknastarf í þessum fræðum.

Áherslur Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum er á sviði eiturefnavistfræði og sjávarlíffræði. Líkt og undanfarin ár munu fara fram rannsóknir á áhrifum mengandi efna á sjávarlífverur á norðurslóðum, í tengslum við innlenda og erlenda vísindamenn og framhaldsnema. Áhrif ýmissa efna á krækling, öðuskel og krabbadýr verða rannsökuð með notkun líffræðilegra mælikvarða og notagildi aðferðanna við umhverfisvöktun metin. Rannsóknirnar munu nýtast við þróun mengunarmiðstöðvar á setrinu sem hófst árið 2016 og er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurnesja. Rannsóknir á landnámi grjótkrabbans munu einnig halda áfram á árinu.

Þekkingarsetrið hefur að geyma fjórar áhugaverðar sýningar sem setrið sér um fyrir Suðurnesjabæ. Ein þeirra er sýningin „*Heimskautin Heilla*“ sem fjallar um ævi og störf franska vísindamannsins Jean-Baptiste Charcot sem hefur staðið hér yfir í setrinu í um 16 ár. Sýningin er samstarfsverkefni Suðurnesjabæjar, Háskóla Íslands, þekkingarsetursins og fjölskyldur Charcot. En þess má geta að barna,barna,barnabarn

Charcot, Sophie Jacob kom hingað í mars síðast liðinn til að undirrita samning milli „Vinafélags Charcot“ (*Les Amis de Jean-Baptiste Charcot*), Háskóla Íslands og Suðurnesjabæjar um varðveislu og áframhaldandi samstarfi vegna sýningarinnar.

Skemmtileg náttúrugripasýning er hér í salnum þar sem má finna lifandi sjávardýr og rannsóknaraðstöðu fyrir börn sem býður uppá spennandi kosti fyrir skólahópa. Sýningin „*Huldir Heimar Hafsins – Ljós þangálfanna*“ eftir Katrínu Þorvaldsdóttur, Eydísí Mary Jónsdóttir og samstarfsfólk þeirra, er á neðri hæð hússins auk ljósmyndasýningar um sögu hússins frá frystihúsi til rannsóknarstöðvar.

Rannsóknarrými Þekkingarsetursins er í boði til rannsókna og athugana er tengjast eiturefnavistfræði, fiskeldi og rannsóknum á sjúkdómum í fiski. Setrið hefur fengið starfsleyfi til 12 ára frá Matvælastofnun til slíkrar rannsókna.

Fiskeldisfyrirtækið Stofnfiskur, nú Benchmark Genetics Iceland hefur verið aðalnotandi blautrýmanna síðustu ár og samningur við fyrirtækið endurnýjaður í lok ársins 2021 til eins árs. Nýr samningur verður undirritaður á næstu vikum og mun hann einnig vera til eins árs.

Þekkingarsetrið er enn aðili að INTERACT (International Network for Terrestrial Research and Monitoring in the Arctic) sem er alþjóðlegt net rannsóknarstöðva á norðlægum slóðum sem fengið hefur fjármögnun síðustu ár úr rammaáætlun Evrópusambandsins um rannsóknir og þróun. Forstöðukona setursins situr í matsnefnd INTERACT og tekur þátt í að meta styrkumsóknir til þeirra.

Verkefni, fræðsla og samstarf

Þekkingarsetrið hefur síðastliðin ár unnið að verkefninu „Tjaldarnir okkar – Njósnið í nærumhverfi“ sem styrkt var af Uppbyggingasjóði Suðurnesja og gekk verkefnið út á að kortleggja far og lífshætti valinna tjaldapara sem búa á Suðurnesjum með aðstoð staðsetningartækja. Verkefnið var unnið í samstarfi við fimm grunnskóla á Suðurnesjum og þar fengu grunnskólanemendur tækifæri á að taka þátt í raunverulegri vísindarannsókn á sviði fuglafræði. Enn er verið að fylgjast með tjöldunum með aðstoð GPS tækjanna.

Þekkingarsetrið er aðili að Reykjanes UNESCO Global Geopark og kemur að landvætta verkefni Jarðvangsins sem snýr að þróun talsmanna sem koma upplýsingum og fróðleik um Reykjanes Geopark á framfæri til barna og ungmenna.

Síðan árið 2015 hefur Þekkingarsetrið séð um skipulagningu og framkvæmd starfsgreinakynningar fyrir nemendur í 8. og 10. bekkjum á Suðurnesjum, fyrir hönd Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS). Fyrstu þrjú árin var það í gegnum Sóknaráætlunarverkefni en árið 2019 var kynningin haldin þrátt fyrir

að því verkefni væri lokið. Mikil ánægja er með starfsgreinakynninguna á meðal nemenda, skóla og atvinnurekenda á svæðinu og var ákveðið af SSS að kynningin yrði áfram haldin árlega og setrið fengið til að sjá um skipulagningu og framkvæmd. Tvö ár í röð þurfti að fresta kynningunni vegna Covid en hún fór aftur af stað núna í október 2022. Þar var nýr metfjöldi starfsgreina kynntur en þær voru 112 talsins og aldrei hafa fleiri nemendur sótt kynninguna, eða 812 nemendur úr grunnskólunum og svo yfir hundrað til viðbótar sem komu frá FS, Keili og MSS.

Mikið hefur áunnist í kynningum á sýningum og fræðsluerindum hér í setrinu eftir að ráðinn var verkefnastjóri fræðslu og miðlunar, Daníel G. Hjálmtýsson. Ný heimasíða leit dagsins ljós og meiri virkni og sjáanleiki á samfélagsmiðlum svo sem facebook og instagram og fagna ég því hversu vel hefur til tekist og er sannfærð um að fleiri og fleiri séu að átta sig á því hvað leynist hér í þessum húsakynnum. Auk þess eru sýningar ávallt kynntar fyrir leik,- grunn,- og framhaldsskólum um allt land sem fróðlega og skemmtileg viðbót við kennslu í náttúrufræði, sögu og frönsku.

Á síðasta ári sóttu hingað hátt í 800 nemendur sýningarnar og fer fjöldinn hægt vaxandi eftir covid tímabilið sem ber að fagna.

Þekkingarsetur Suðurnesja er í samstarfi við Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum og heldur símenntunarnámskeið á sviði náttúrufræða og tengdra greina. Einnig er setrið í góðu samstarfi við aðrar menntastofnanir á Suðurnesjum til að mynda Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Fisktækniskóla Íslands, Geocamp Iceland, Keili og leik- og grunnskóla á svæðinu.

Sjö Þekkingarsetur starfa víðsvegar um landið með mismunandi áherslur en gott samstarf er á milli þeirra allra og vinna nú sameiginlega að gæðastefnu. Markmið gæðastefnunnar er að tryggja að Þekkingarsetrin efli sýnileika um viðfangsefni stofnanna og starf samkvæmt fagmennsku og ábyrgð á sínum þjónustusviðum.

Starfsmannahald, fjármál og styrkir

Á síðasta starfsári störfuðu 3 starfsmenn í Þekkingarsetrinu í 2,7 stöðugildum og yfir sumarið var einn sumarstarfsmaður í fullu starfi og annar í hlutastarfi. Í dag starfa enn 3 starfsmenn og í sumar verða sama fyrirkomulag og í fyrra. Forstöðukona setursins óskaði eftir því á síðasta ári að lækka starfshlutfall sitt niður í 70% og var það samþykkt af stjórn. Lagði hún einnig til að ráðinn yrði verkefnastjóri fræðslu og miðlunar og var það samþykkt. Daníel G. Hjálmtýsson varð ráðinn og hefur hann staðið sig frábærlega í að fræða og miðla því sem er í gangi og það sem framundan er í Þekkingarsetrinu hverju sinni. Hann mun

hér á eftir segja okkur frá skemmtilegu og spennandi verkefni, „Fróðleiksfúsi“ en það verkefni hefur fengið styrk úr uppbyggingasjóði Suðurnesja og einnig styrk úr menningarsjóði Suðurnesjabæjar.

Stjórn Þekkingarsetursins samþykktu rekrstraráætlun fyrir árið 2022 á fundi sínum í desember 2021. Áætlaðar tekjur ársins voru um 46 milljónir króna og útgjöld tæpar 50 milljónir króna. Rúm 40% teknanna koma frá ríkissjóði eða um 23.1 milljón króna. Suðurnesjabær kemur svo á móts við Þekkingarsetrið varðandi viðhald húsnæðis og rekstur sýninga. Aðrar tekjur koma frá styrkjum, aðgangseyri og öðrum útseldum verkefnum.

Að lokum vil ég þakka samstarfsfólki mínu í stjórn og Hönnu Maríu Kristjánsdóttur forstöðukonu setursins fyrir gott og skemmtilegt samstarf.

Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir

Stjórnarformaður Þekkingarseturs Suðurnesja